



LANDBÓTASJÓÐUR
NORÐUR HÉRAÐS

**Ársskýrsla
2010**

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 til 2010.....	1
Framkvæmdir árið 2010.....	1
Árangur.....	4
Framkvæmdaáætlun 2011.....	9
Fundargerðir rágjafanefndar 2010.....	10
Fundargerðir stjórnar LNH 2010.....	28
Fylgigögn	
Yfirlitsmyndir yfir framkvæmdir 2003 til 2010	
Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2010	

Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar með það að aðalmarkmiði að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapast undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Í lögum um landgræðslu nr. 17/1965 segir m.a. í þriðja kafla og 17. grein að „sá, sem landsspjöllum veldur með mannvirkjagerð eða á annan hátt, er skyldur að bæta þau.“ Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapast um 32 km² af grónu landi undir Hálsslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt gróið og ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulegan gróður svæðisins. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluáðgerðum, áætlanagerð og árangursmati en aðallega tveir verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á.

Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 til 2010

Samtals hefur verið unnið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs á um 4800 hekturum lands. Það eru um 400 hektarar á áreyrum Jöklu og um 4.400 hektarar uppi á heiði, bænda- og unglingadreifing innifalin. Um 1.430 hektarar lands hefa fengið áburð í þrí eða fleiri skipti. Þau svæði eru yfirleitt mjög vel á veg komin í framvinduferli og munu væntanlega aðeins þurfa að fá áburðarörvun á nokkurra ára fresti, t.d. á fimm ára fresti, en það verður metið og fer eftir framvindu svæða. Svæði sem hafa fengið áburð tvísvar eru um 1.750 hektarar að stærð en svæði sem hafa bara fengið áburð einu sinni eru um 1.620 hektarar. Nauðsynlegt er að styrkja þau svæði sem hafa aðeins fengið áburð einu sinni, sumarið 2011.

Framkvæmdir árið 2010

Eins og á undanförunum árum fólust framkvæmdir 2010 í dreifingu á áburði og fræi á lítt gróið land, á virk rofsvæði og styrkingu á eldri sáningum og dreifingum, bæði uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Brú. Alls voru notuð **201 tonn af áburði** á um **1307 hektara** lands. Samtals var **1240 kg af grasfræi** sáð á áreyrnar og í rofabörð á heiðinni.

Þar sem það voraði snemma og vel þetta ár var hægt að byrja að dreifa áburði upp á heiði þann 21. júní. Sú dreifing stóð til 30. júní en á tveimur svæðum var borið á seinna eða þann 4. júlí og 9. júlí. Áburðar- og frædreifing á áreyrar fór fram dagana 5. og 6. júlí. Samið var við sömu verktaka og á árunum á undan, þá Snæbjörn V. Ólason á Hauksstöðum og Benedikt Arnórsson á Hofteigi. Að auki var Agnar Benediktsson í vinnu hjá þeim. Dreifingin gekk greiðlega.

Eins og á árinu á undan vann hópur úr unglingavinnu Landsvirkjunar að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs sumarið 2010 eins og gert var ráð fyrir í samkomulagi milli Landsvirkjunar og virkjunarnefndar N-Héraðs frá árinu 2002. Vinna unglinganna byrjaði þann 18. júní og lauk að mestu þann 16. júlí en auk þess voru þeir einhverja daga í ágúst að vinna við uppgræðslustörf. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og krakkarnir skiptust eitthvað út eftir hverja viku.

Svæðin sem unglingarnir unnu á voru að mestu þau sömu og á árinu á undan en auk þess að styrkja þessar árgömlu aðgerðir voru sum aðgerðarsvæði stækkuð. Svæðin voru m.a. í fjallshlíðinni í Hrafnkelsdal, á Vaðbrekkuhálsi, í Skænudal, í Laugarvallardal, í rofabörðum við Múla, í rofjaðrinum við Ánavatnið og á rofsvæði á Jökuldalsheiði milli vegar.

Unglingarnir stóðu sig mjög vel og er vinna þeirrar mikilvægur hlutur í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Eftir sveitarstjórnakosningar vorið 2010 urðu eftirfarandi breytingar á stjórn og í ráðgjafanefnd Landbótasjóðs N-Héraðs: formaður stjórnar er Anna H. Bragadóttir og meðstjórnendur Sigvaldi H. Ragnarsson, sem er jafnframt varaformaður og Guðmundur Ólason. Baldur Grétarsson var kosinn í ráðgjafanefnd sem fulltrúi sveitarfélagsins og kemur inn í nefndina í staðinn fyrir Arnór Benediktsson.

Heiðin

Borin voru **130,8 tonn af áburði á 831 hektara** af heiðarlandi. Þar af báru verktakarnir **121,2 tonn á um 799 hektara** með vélum en unglingarnir handbáru **9,6 tonn** af áburði á um **32 hektara**. Einnig sáðu unglingarnir **700 kg** af húðuðum túnvingli í rofabörð.

Það magn af áburði sem var dreift með vélum af verktökunum skiptist á eftirfarandi staði:

Brú

Alls var 26,4 tonnum af áburði dreift í landi Brúar á um 171 hektara. Mest var borið á svæðið innan og utan við girðinguna, hluta svæðisins við Garðá og á rofsvæðið meðfram Þverárvatni. Unglingarnir unnu í rofabörðum á svæðinu utan og framan Þverár. Heildaruppgræðslusvæðið á Brú er orðið tæpir 1000 hektarar.

Vaðbrekkuháls

Notuð voru 4,8 tonn af áburði til að styrkja 27 ha af uppgræðslusvæðum norðan í Vaðbrekkuhálsi. Borið er á sitthvort svæðið í hálsinum annað hvert ár. Þar sem vélarnar komast ekki að vegna bratta og grjóts dreifðu unglingarnir áburði og einnig var sáð fræi í hluta þess. Það eru í heild um 70 hektarar lands komnir í uppgræðslu í Vaðbrekkuhálsinum.

Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal báru verktakarnir 6 tonn af áburði á melasvæði og í rofabörð í fjallshlíðinni á nokkrum stöðum í dalnum, alls á um 38 hektara. Einnig var dreift 30 heyrúllum í skriðurnar sem féllu fyrir um 3 árum síðan og unglingahópurinn settu í þær fræ og áburð, talsvert langt upp í fjallshlíðina. Uppgræðslusvæðið í dalnum er í heild um 130 hektarar.

Skænudalur

Alls voru borin á 9 tonn af áburði í Skænudal á um 50 hektara. Borið var á neðri hlutann, neðan vegar sem er mjög grýttur og erfiður yfirferðar. Einnig báru unglingarnir áburð og fræ í rofabörð á sama svæði og á árinu á undan. Heildaruppgræðslusvæðið í Skænudal er núna um 320 hektarar stórt.

Faxahús

Þar voru borin á 10,8 tonn á 72 hektara. Áburðurinn fór á ytra svæðið sem er óðum að auka gróðurhuluna eins og á hinum uppgræðslusvæðum. Í heildina eru um 440 hektarar komnir í uppgræðslu á þessu svæði.

Laugarvellir

Ekki var unnið með vélum í Laugarvallardal í ár, m.a. vegna fjarlægðar svæðisins, er þar borið á annað hvert ár. Hins vegar styrkti unglingahópurinn sömu svæðin og í fyrra með áburði og fræi. Í gegnum árin hefur verið unnið að uppgræðslu á um 90 hektara svæði í Laugarvallardal.

Múli

Borin voru á 4,8 tn af áburði á um 32 hektara. Aðallega var borið á svæðið innan við Djúpagil. Þar sem hallar niður að ánni á þessu svæði var borið á í fyrsta skipti í ár og sáð

grasfræi í sandskellur, leirflög og rofabörð. Unglingarnir tóku þau svæði fyrir þar sem vélarnar komust illa að. Árangur þessara aðgerðar hefur verið góður, fræið spírað vel og sæmileg gróðurhula er komin á svæðið. Heildarsvæðið þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu í gegnum árin er orðið um 170 hektarar stórt.

Grunnavatnsalda

Alls var um 7,2 tonnum af áburði dreift á Grunnavatnsöldu á um 72 hektara, borið á um 100 kg á hektara. Mest var borið á ofan vegar. Alls er uppgræðslusvæðið við Grunnavatnsöldu um 620 hektarar.

Sænautasel

Það svæði hefur hentað vel sem „gildra“ fyrir kindur þannig að lögð hefur verið áhersla á að styrkja hluta af svæðinu á hverju ári. Í ár voru borin á 19,8 tonn af áburði á um 132 hektara. Einnig stundaði unglingahópurinn uppgræðslu í rofabörðunum meðfram Ánavatni. Um 220 hektarar lands eru í uppgræðslu á þessu svæði nú þegar.

Botnahraun og Jökuldalsheiði milli vega

Borin voru á 24,6 tonn af áburði á um 157 hektara. Eitthvað var borið á nýtt svæði sem liggur í hlíðinni við Háreksstaðarleið og er kallað „Toddastykkið“. Þar er mikið rofsvæði, sendið og með töluvert miklum og háum rofabörðum. Unglingarnir sáðu fræi í þau rofabörð á sama tíma og vélarnar voru að dreifa áburði. Það eru um 460 hektarar af landi á þessu svæði komin í uppgræðslu í heildinni.

Skjöldólfsstaðir með Gilsá

Í fyrra var byrjað á nýju svæði sem liggur meðfram Gilsá upp á heiðina í landi jarðarinnar Gilsár við Skjöldólfsstaði. Þar eru melar og lág rofabörð í jaðrinum. Strax eftir fyrstu áburðargjöf kom upp græn slikja og gróðurinn fór af stað. Í ár var aftur borið á sömu svæðin og þau stækkað, 7,8 tonn af áburði á um 48 ha. Heildarsvæðið sem borið hefur verið á 2009 og 2010 er um 70 hektara.

Áreyrar Jökulsár

Lögð var áhersla á að styrkja þau svæði sem byrjað var að græða upp og taka ný svæði til viðbótar. Í heild fóru **39,6 tonn af áburði** og **540 kg af óhúðuðum beringspuntsfræi** á um **263 hektara**. Allar sáningar voru valtaðar.

Áreyrar Jökulsár – Fossvellir/Veiðieyri

Á eyrinni fyrir neðan Fossvelli var borið á 0,9 tonn af áburði á um 5 hektara svæði.

Áreyrar Jökulsár - Hrafnabjörg

Nýja uppgræðslusvæðið frá því í fyrra var styrkt aftur með áburði auk þess sem svæðið var stækkað. Alls fóru 3,5 tonn af áburði á um 23 hektara.

Áreyrar Jökulsár – Litli Bakki

Alls var um 3,65 tonnum af áburði dreift á um 25 hektara. Hér hafði áin rutt sér nýjan farveg á svæði við námurnar strax í vor. Þar með hefur hún bæði skemmt hluta af uppgræðslusvæðinu og skorið í sundur. Tekið var tillit til þessara nýja aðstæðna við áburðardreifingu.

Áreyrar Jökulsár – Surtstaðareyrar - Hallgeirsstaðir

Hér eru margar eyrar, í heild 42 hektarar sem fengu 6,35 tonn af áburði.

Áreyrar Jökulsár - Galtastaðir

Borin voru á 6 tonn af áburði. Aðgerðarsvæðið í ár er 39 hektarar. Áætlað var að sá á ný melgresi í sandskellur, en þegar ljóst var að yfirfall úr Hálslóni yrði snemma, var ekki búið að sá melgresi og því hætt við sáninguna.

Áreyrar Jökulsár - Hólmatunga

Borin voru á 9,6 tonn af áburði á 77 hektara. Aðallega var borið á eldri uppgræðslusvæðin.

Áreyrar Jökulsár – Bláeyri

Borið var á þessar slóðir árin 2007 og 2008 og var ákveðið að styrkja það svæði aftur á þessu ári með 1,8 tn af áburði á um 12 hektara.

Áreyrar Jökulsár - Breiðamörk

Þetta er nýtt uppgræðslusvæði. Borið var á það 7,8 tn af áburði og sáð 540 kg af óhúðuðu beringspuntafræi frá árinu 2009. Aðgerðarsvæðið er 40 ha.

Framlag til bænda

Á þessu ári var **30,6 tonnum af áburði** veitt til bænda til uppgræðslu í eigin landi á um **213 hekturum**. 2,4 tonn fóru í Hákonarstaði, 2,4 tonn í Eiríksstaði, 4,8 tonn í Arnórsstaði, 4,8 tonn á Mælivelli, 2,4 tonn í Teigarsel, 2,4 tonn í Hnefilsdal, 6 tonn í Möðrudal, 4,8 tonn í Merki og 0,6 tonn við Þríhyrningsvatn sem var handdreift af áhugamönnum þar.

Árangur

Uppgræðslan á heiðinni hefur borið góðan árangur enda hefur sumarið verið hagstætt gróðri á því svæði. Gróðurþekjan er sífellt að aukast og jarðvegsskán að myndast. Á þeim aðgerðarsvæðum þar sem virkt jarðvegsrof hefur verið, hefur tekist að minnka það með uppgræðsluaðgerðunum. Mikil vinna er þó eftir við að loka þeim fjölmörgum rofabörðum sem eru vítt og breitt um svæðin. Þar er vinna unglingahópsins mjög þýðingarmikil. Auk þess væri mikill ávinningur fólgin í því að nota meira af gömlu heyi í rofabörð.


Uppgræðsla áreyra Jöklu er í eðli sínu erfið. Uppgræðsluaðgerðirnar í sjálfu sér bera án efa góðan árangur en áin er að skemma og draga úr honum. Jökla er ekki í föstum farvegi og var m.a. í vor búið að mynda nýjan farveg við Litla Bakka og setti þar með hluta uppgræðslunnar undir vatn og skar einnig áður samfelld uppgræðslusvæði í sundur. Síðan varð yfirfall úr Hálslóni mjög snemma í ár eða þann 28. júlí og var mjög mikið vatn í ánni eftir það. Verulegur hluti af aðgerðum sumarsins var þar með kominn undir vatn eins og sást m.a. vel við skoðun á uppgræðslusvæðum þann 10. september 2010. Nýjir og að hluta stórir vatnsálar hafa myndast sem skáru svæðin í sundur og kaffærðu einhverja og eyðulögðu aðra. Einnig hefur landbrot á grónu landi átt sér stað á einhverjum stöðum. Svo virðist að þar sem uppgræðslusvæðin hafa aðeins verið stutt undir lygnu vatni komi þau nokkuð óskemmd upp úr. En langtímaáhrifin gætu orðin meiri. Straumur vatnsins getur eyðilagt gróðurinn, m.a. sást dæmi um það að vatnsstraumur hafi flett upp gróðri og borið hann áfram á nýjan stað. Þar sem áin rann yfir uppgræðslusvæðin verður sumsstaðar eftir þykkt lag af sandi og leir. Einmitt þau svæði verða síðan að vandamálasvæðum þar sem sandurinn og leirinn eyðileggur gróðurinn og fýkur síðan á næsta stað þar sem hann getur kaffært gróður og haft keðjuverkandi áhrif. Við skoðun þann 10. september voru ennþá mörg svæði undir vatni þannig að áhrif yfirfalls á uppgræðslurnar það árið eru ekki endanlega ljós. Þessi reynsla á uppgræðslumálum á áreyrum Jöklu gefur okkur til kynna að nauðsynlegt sé að endurmeta stöðu á uppgræðsluframlagsmálum þar.

Árangur uppgræðslunnar sést vel úr lofti. Skarphéðinn Þórisson hjá Náttúrustofu Austurlands tók þessar myndir hér að neðan í eftirlitsflugferð vegna hreindýra í september 2010. Á fyrstu mynd sést vel uppgræðslusvæði meðfram Ánavatni á Grunnavatnsöldu. Á annari mynd er uppgræðslusvæðið í Skænudal í forgrunni en einnig sést inn á uppgræðslusvæðið við Hallarfjall og í Laugarvallardal í fjarska. Á báðum myndum má greinilega sjá hvaða svæði hafa fengið áburð sumarið 2010. Þau svæði skera sig úr með grænum lit.




Á síðari árum hefur nákvæmni gervitunglamynda aukist mikið þannig að hægt er að greina aukningu í gróðurþekju á slíkum myndum. Á innrauðum gervitunglamyndum (SPOT) kemur gróður fram í rauðum lit og því sterkari sem liturinn er því meiri gróska.

Hér að neðan eru birt 3 pör af innrauðum gervitunglamyndum. Þær voru teknar með 8 ára millibili á hluta uppgræðslusvæða Landbótasjóðs N-Héraðs. Aukning í útbreiðslu gróðurs og þar með árangur uppgræðsluáðgerða sést vel þegar myndirnar eru bornar saman. Til viðbótar fylgja myndir þar sem áburðardreifing á sömu svæðum er sýnd sem hefur verið skráð með GPS tæki. Mismunandi litamerkingar sýna hve oft svæði hefur fengið áburð, einu sinni, tvisvar, þrisvar eða oftar. Góð samsvörun er í því hversu oft hefur verið borið á og aukinni gróðurþekju og útbreiðslu gróðurs.




aðgerðasvæði (nr.heiti)	upphafsár	stærð	1 ár	2 ár	3 ár +
2545, Brú á Jökuldal	2003	995,8	219,4	388,6	387,7


Aðgerðasvæðið er innan bláu línunnar, stærðir eru gefnar í hekturum



2545, Brú á Jökuldal og SPOT 2002-09-09



2545, Brú á Jökuldal og SPOT 2010-09-02




Landgræðsla ríkisins, JT mars 2011 / Grunnmynd SPOT ©LMI


aðgerðasvæði (nr.heiti)	upphafsár	stærð	1 ár	2 ár	3 ár +
2548, Skænudalur	2004	322,5	102,9	129,9	89,7

0 100200 400 600 800 m


Aðgerðasvæðið er innan bláu línunnar, stærðir eru gefnar í hekturum



Landgræðsla ríkisins, JT mars 2011 / Grunnmynd SPOT 6LMI



Landgræðsla ríkisins, JT mars 2011 / Grunnmynd SPOT 6LMI




aðgerðasvæði (nr,heiti)	upphafsár	stærð	1 ár	2 ár	3 ár +
1104, Laugavellir	2004	90,4	13,9	14,7	61,9

Aðgerðasvæðið er innan bláu línunnar, stærðir eru gefnar í hekturum


Landgræðsla ríkisins, JT mars 2011 / Grunnmynd SPOT ©LMI

0 100 200 400 600 800 m



Landgræðsla ríkisins, JT mars 2011 / Grunnmynd SPOT ©LMI

0 100 200 400 600 800 m



Landgræðsla ríkisins, JT mars 2011 / Grunnmynd SPOT ©LMI

0 100 200 400 600 800 m

Framkvæmdaáætlun 2011

Á árinu 2011 verður einungis hægt að kaupa 120 tonn af áburði sem er mikill niðurskurður frá því sem var. Þar sem ekki verður hægt að meta ástand áreyra fyrir en að vori getur verið að áburðarmagnið sem á að breiða á áreyrarnar breytist og minnkar væntanlega. Svo er verið að skoða hvort það væri hægt að færa til áburð til að bera meira á svæðin á Jökuldalsheiði milli vega.

Áætlun

2011

Svæði	áburður tn	fræ kg
Áreyrar	19,8	300 m
Unglingar	7,2	600 tu
Bændur	24,6	
Brú	12	
Hrafnkelsdalur	3,6	
Vaðbrekkuháls	0	
Skænudalur	9	
Hallarfjall	3	
Faxahús	7,8	
Laugarvallardalur	10,8	
Múli	3	
Sænautasel	6	
Grunnvatnsalda	4,8	
Jökuldalsheiði milli vega	3,6	
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	4,8	
Samtals	120	

frá því í
fyrri
þarf að
panta

Fundargerðir ráðgjafanefndar 2010

Fundargerð ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Egilsstöðum, 14. janúar 2010 kl 13:00 – 15:15

Mættir: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Aðalmarkmið fundarins var að fara yfir farinn veg og velta fyrir sér væntanlegum aðgerðum á nýju ári.

Farið var yfir árangur uppgræðsluáðgerða á áreyrum og aðgerðaráætlun fyrir komandi sumar rædd. Í heildina litu áreyrarnar vel út að hausti og það sem af er árinu hafa engir klakaruðningar verið til staðar. Allt er snævi þakt í dag og árin ísilögð.

Síðastliðið vor kom fé úr Tungunum inn á Galtastaðaeysrar, þá var girðingin yfirfarin og löguð, en seinni partinn í ágúst kom fé úr Hlíðinni inn á sama svæði. Féð blandaðist aldrei en þetta segir okkur að það þarf að fylgjast með girðingunni og halda henni vel við.

Ný svæði sem geta komið til greina til uppgræðslu og meta þarf að vori: Hólmatunga í átt að Húsey, svæðið þar sem Kaldáin kemur í og neðan við Breiðumörk.

Unglingavinna: Í heildina virðast krakkarnir hafa verið ánægð með uppgræðsluvinnuna. Nauðsynlegt er að stýra krökkunum vel, Arnór fór oftast daglega til þeirra. Hann er til í að stýra þessari vinnu aftur á þessu ári. Talað var um að það þyrfti að nota hey ásamt áburði og fræi í stærstu rofabörðin á Sænautaselssvæði.

Bændadreifing: fundarmenn ánægðir með fyrirkomulagið og leggja til að því verði haldið áfram með svipuðum hætti. Ánægjulegt er að fleiri heimamenn hafa komið inn í samstarf við sjóðinn á einn eða annan hátt.

Til að gera grófa aðgerðaráætlun fyrir komandi sumar þarf nefndin fyrst að fá að vita frá stjórninni hugsanlegt magn áburðar sem verður til úthlutunar frá sjóðnum í ár.

Hugsanleg fræþörf: Um 300 kg af beringspunti eru eftir frá 2009. Æskilegt væri að unglingarhópurinn og Jói Snikk fengju um 7,2 tn af áburði og 600 kg af íslenskum túnvingli. Nauðsynlegt er að sá aftur melgresi í auðu svæðin á Galtastaðaeysrum, tæp 150 kg var sáð þar árið 2008. Auk þess er gróflega áætlað að nota um 400 kg af beringspunti og 200 kg af túnvingli í áreysrar.

Rætt var um áhuga nefndarmanna á kynningarfundum fyrir heimamenn um aðgerðir á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs. Gott væri að sýna heimamönnum hvað sjóðurinn er búinn að gera og hvernig og fá fram skoðanaskipti/umræðu um þessar aðgerðir, framtíðarhugmyndir- og óskir heimamanna. Til dæmis hefur heyrst að einhverjir heimamenn vilji sjá þessar uppgræðslur frekar nær byggð og einnig hefur komið til tals hvort framlengja ætti sjóðssamninginn. Arnór hefur talað við Skarphéðinn Smára hjá Fljótsdalshéraði um þetta og segir að það gæti verið hugsanlegt að þetta verði liður í staðbundnum fundum Fljótsdalshéraðs. Ekki er ljóst hvort það verður af slíkum fundum í vetur/vor. Guðrún ætlar að hafa samband við Skarphéðinn Smára til skrafs og ráðagerða um þessi mál.

Athuga þarf hvaða svæði Örn í Húsey var að tala um við Georg í Fljótsdalsstöð, um mótvægisáðgerðir vegna virkjunaráhrifa.

Ársskýrsla verður með svipuðu sniði.

Talað var um mikilvægi þess að taka myndir af sömu stöðum (GPS staðsetja) á nokkurrar ára fresti. Árið 2005 voru teknar nokkrar myndir af aðgerðum á ákveðnum stöðum, þeir GPS mældir og stefnt er að því að endurtaka myndatöku þar, jafnvel á þessu ári.

Rætt var um hugmynd að skipulegri myndatöku þar sem verktakar væru með stafrænar GPS-myndavélar og koma upp ákveðnu kerfi til að taka myndir af sömu GPS staðsettu svæðunum á skipulagðan hátt á nokkurrar ára fresti. Það værir mikill vinnusparnaður ef verktakar taka myndirnar um leið og þeir bera á þannig að enginn annar þurfi að fara í sérferð vegna myndatöku. Þessa hugmynd þarf að ræða við sjóðsstjórn.

Athuga þarf með endurnýjun texta á upplýsingaskiltum um Landbótasjóð N-Héraðs, sem er á nokkrum stöðum á uppgræðslusvæðum.

Fundarritari var Guðrún Schmidt.

Fundargerð ráðgjafanefndar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Egilsstöðum, 14. apríl 2010 kl 11:00 – 14:20

Mættir: Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Farið var yfir áætlunargerð fyrir sumarið og rætt nokkur atriði sérstaklega:

- Há rofabörð á Sænaútselssvæði: þarf að jafna og stinga eitthvað niður og græða upp með heyi, áburði og fræi
- Nýja uppgræðslusvæðið á Skjöldólfsstöðum með Gilsá: þarf að bera á aftur
- Skænudal: bera á neðstu svæðin neðan vegar
- Laugarvallardalur: borið á annaðhvort ár þannig að ekkert verður borið á þar núna nema að unglingahópurinn mun bera í rofabörðin
- Lagt er til að borið verði á foksvæði austast á Múlasvæðinu. Þar hefur bara einu sinni verið borið á og víðir er að breiða úr sér en enn er töluvert mikið af lausum sandi á svæðinu.
- Unglingahópur: áfram með svipuðu sniði
- Girðingin við Brú: tillaga um að skipta svæðinu í þrennt og bera á til skiptis
- Aðalból og Vaðbrekka: svipað og áður
- Tillögu frá landeigendum: græða upp sendið og ógróið melasvæði innan við Hölná niður undir Jökulsá, athuga þarf í sumar hvernig væri hægt að komast þangað, kannski yfir vaðið við túnin á Brú
- Fræ: leggja til að kaupa þurfti um 600 kg af íslenskum túnvingli, 150 kg af óhúðuðu melfræi í Galtastaðareyrum, 100 kg af útlenskum túnvingli. Um 300 til 400 kg af beringspuntsfræ er til frá því í fyrra og verður notuð á áreyrum í sumar.
- Vestari eyrar við Litla Bakka eru fullar af klaka, lagt er til að hætta að græða það upp í bili
- Bera þarf aftur á uppgræðslusvæðin neðan Blaéyrum (á Hólmatungusvæði) og stækka þau
- Ný svæði: a.m.k. neðan við Breiðumörk
- Rætt um myndatökur á skipulagðan hátt
- Svæði unglinga (neðst í Lönguhlíð): gott fyrirkomulag er að allur hópurinn kemur saman í lok sumarvinnuna eins og gert var í fyrra. Rætt var um að athuga hvort setja ætti upp skilti þar og jafnvel bekk. Athuga þurfti að nota hey til uppgræðslu í rofabörðin á þessum stað.
- Rætt um skiptingu áburðar til bænda

Búin var til gróf áætlun sem hægt er að breyta eftir ástandi svæða:

Svæði	Áburður tn	Fræ kg
Áreyrar	40	m 150 b 300-400 t 100
Unglingar	7,2	t 600
Bændur	30	
Brú	24,6	
Hrafnkelsdalur	6	
Vaðbrekkuháls	4,8	
Skænudalur	9	
Hallarfall	0	
Faxahús	10,8	
Laugarvallardalur	0	
Múli	4,8	
Sænautasel	24	
Grunnvatnsalda	6	
Jökuldalsheiði milli vega	26	
Skjöldólfsstaðir með Gilsá	7,8	
Samtals	201	

Haldið var áfram með fundinn með stjórn Landbótasjóðs N-Héraðs kl 14:20-15:40

Mættir: Guðmundur Ólason, Anna H. Bragadóttir, Eygló Ormarsdóttir, Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt.

Ráðgjafarnefndin gerði grein fyrir tillögum sínum að aðgerðum næstkomandi sumars og rædd voru ýmis mál því tengd:

- Bændadreifing: ekki hafa komið neinar athugasemdir frá bændum vegna núverandi fyrirkomulags. Lagt var til að svipað magn verði úthlutað til sömu aðilar í sumar og var gert í fyrra. Stjórnin er að hugleiða hvernig væri hægt að einfalda kerfið, m.a. með því að hætta að senda bréf og reikning til þeirrar bænda þar sem verktakar sjá um dreifinguna
- Farið var saman í gegnum áætlunin með það í huga að þetta væri bara gróf áætlun
- Rætt um uppgræðslu á áreyrum
- Þarf að nota sáðvél á Galtastaðaeeyrum við dreifingu melfræs
- Ábending hefur komið frá nokkrum bændum um það hvort bændur á svæðinu ættu ekki að taka við dreifingu áburðar á áreyrum þegar uppgræðslan þar er komin í gott horf og þegar það þarf bara að bera á af og til
- Rætt um notkun heys við Sænautasel og neðst í Lönguhlíð, athuga með að fá heytætarann lánuð frá Landgræðslufélagi Héraðsbúa
- Rætt um myndatöku. Stjórnin ætlar að ræða um það við verktaka
- Svæði unglinga neðst í Lönguhlíð: tillaga, um að merkja svæðið og setja upp bekk, rædd
- Rætt um það hvenær það þarf að endurskoða og endurgera upplýsingarskiltin. Kanna þarf hjá framleiðanda á Hornafirði hvernig það gæti gengið fyrir sig tæknilega sé. Hafa skal þetta í huga og skoða skiltin í sumar.

- Hugleiðing rætt um það að kannski ætti að setja upp skilti við áreyrar
- Hugmyndin um upplýsingarfund um sjóðinn: eftir að samráð við Fljótsdalshérað var ákveðið að betra væri að halda slíkan fund ekki svona rétt fyrir sveitarstjórnakosninga
- Finna þarf út nýjan taxa fyrir dreifingu á fræi

Fundargerðina ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 14. júní 2010

Þann 14. júní fóru Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna aðstæður og árangur uppgræðslunnar og ræða um aðgerðir sumarsins.

Áreyrar við Hrafnabjörg: Góður árangur er af uppgræðslunni og gróðurhulan hefur aukist til muna.

Áreyrar neðan Vörðubrúnar: Svæðið var ekki aðgengilegt á skoðunardegi vegna mikils vatns. Í fyrra var sáð í sandskellur sem kemur vel út. Innar eru nýjar sandskellur sem þarf að sá í á þessu ári. Einnig þarf að bera á allt svæðið til þess að styrkja uppgræðsluna.



Áreyrar neðan Surtsstaða: Bera þarf á þau svæði þar sem einhver gróður er kominn af stað. Því miður hefur áin skemmt uppgræðsluna á stóru eyrinni austan megin. Ekki er ráðlagt að bera á það svæði aftur. Á ystu eyrinni er mjög góður árangur. Styrkja þarf þann gróður áfram með áburði á þessu ári til þess að gera hann sem best í stakk búinn til þess að taka við áfok.

Mynd 1: Hluti áreyrar neðan Surtsstaðar.

Áreyrar neðan Breiðumerkur: Stefnt er að því að byrja á nýju svæði þar í ár með sáningu og áburðargjöf.

Áreyrar við Bláeyri: Áin virðist hafa tekið burt hluta af uppgræðslunni. Það svæði sem hefur staðið upp úr vatni þarf að styrkja áfram með áburði.

Ráðgjafarnefndin hitti Viggó Má Eiríksson frá Fögruhlíð á varnargarði við Bláeyri og rætt var um aðgerðir, árangur og horfur í uppgræðslumálum áreyrar Jöklu.

Áreyrar við Hólmatungu: Stórt svæði er mjög vel á veg komið og ber töluverða gróðurhulu og jarðvegsskán. Ráðlagt er að bera aftur á þau svæði um 150 kg/ha til þess að styrkja þann gróður sem kominn er. Greinilegt er einnig að áin hefur eyðilagt einhver svæði og er best að láta þau svæði í friði og bera ekki aftur á þau.



Mynd 2: Góður árangur á Hólmatunguáreyrum.




Mynd 3: Þar sem áin hefur farið skilur hún eftir sig töluverð magn af leir og sandi.

Áreyrar neðan Fossvallar: Í fyrra var borið á allan mel en hluta af því hefur áin skemmt. Ráðlagt er að bera aðeins á þann hluta sem áin hefur látið í friði en gera ekkert við hinn hlutann.

Áreyrar neðan raflínanna við Galtastaði:

Melgresissvæði: Ysta svæðið var undir vatni á skoðunardegi. Landið í heild hefur hækkað þar sem sandur hefur hlaðist upp vegna töluverðs sandfoks. Melgresið dafnar vel þar sem áin hefur ekki farið. Ráðlagt er að sá aftur melgresi í þau svæði þar sem það hefur ekki komið upp en sleppa að sá því í lægstu svæðin þar sem vatnsálar koma inn. Nota þarf sáningarvel til þess að sá melgresinu og sá um 75 kg af húðuðu fræi á hektara með um 300 kg af áburði á hektara.



Mynd 4: Melgresið safnar í sig sandinum



Mynd 5: Við yfirfallsvatn myndast margar vatnsálar.



Mynd 6: Góður árangur af uppgræðslunni.

Beringspuntutssvæðið: Árangur af uppgræðslunni er mjög góður austan megin en áin tók allt svæðið norðan megin. Á skoðunardegi sást vel hvar áin hefur runnið og er augljóst að ekkert þýðir að vera með neinar uppgræðsluframkvæmdir á þeim svæðum.



Mynd 7: Fallegt blómlendi á svæðinu sem hefur eingöngu fengið áburð.

Áreyrar fyrir neðan Litla Bakka: Sú nýbreytni hefur komið upp að áin hefur rutt sér nýjan farveg á þessu svæði við námurnar. Þar með hefur hún bæði skemmt hluta af uppgræðslusvæðinu og skorið þau einnig í sundur. Á skoðunardegi voru fæst svæðin aðgengileg nema á eyrin á norðaustursvæðinu sem hefur eingöngu fengið áburð en aldrei fræ. Þar er orðið mjög fallegt blómlendi. Ráðlagt er að styrkja þau svæði sem standa upp úr með áburði.

Almennt: Greinilega er hægt að sjá að þar sem áin streymir skemmir hún gróðurhuluna en þar sem straumurinn er lítill sem enginn virðist gróðurinn í flestum tilfellum lifa þrátt fyrir því að vatn þekji hann hluta árs.

Erfitt reynist að koma í veg fyrir það að uppgræðslusvæði skemmist vegna óútreiknanlegrar hegðunar árinna og vatnsmagnsbreytinga. Áfram verður reynt eftir bestu getu að græða aðeins upp þau svæði sem munu að öllum líkindum standa upp úr vatni.

Við uppgræðslustörf er nauðsynlegt að athuga með fuglavarpið og byrja helst ekki fyrr en ungarnir eru skriðnir úr eggjunum sem er yfirleitt í byrjun júlí.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar

Minnisblað 15. júní 2010

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs (Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt) um uppgræðslusvæði sjóðsins á heiðinni fór fram 15. júní. Kannaðar voru aðstæður og árangur uppgræðsluáðgerða og aðgerðir sumarsins ræddar.



Vaðbrekkuháls:

- Bera á norðan megin í ár.
- Lagt er til að unglingarnir haldi áfram með uppgræðslu á þeim stöðum sem þeir báru á í fyrra.



Brú:

- Innan girðingarinnar er svæðinu skipt í þrennt og borið á til skiptis. Í ár þarf að bera á ysta svæðið.
- Einnig þarf að bera á utan girðingarinnar.
- Borið var á utan við Garðá í fyrra og verður ekki borið á núna.
- Bera á áburð framan við Garðá.
- Ráðlagt er að bera á svæðið upp að Vörðuhrauni þar sem ekki var borið á í fyrra.
- Mikilvægt er að bera aftur á svæðið meðfram Þverárvatni (utan við Vörðu) þar sem er mjög sendið og virkt rof í gangi.

Múli:

-Gert er ráð fyrir að unglingarnir fari aftur að vinna í rofabörðum.

**Innan við Djúpagil:**

-Innan við Djúpagil þar sem hallar niður að ánni er svæði sem hefur ekki fengið áburð áður.

-Eitthvað er um sandfok á þessu svæði.

-Ráðlagt er að borið verði á það svæði í ár. Þar sem um stöðuga mela er að ræða á að bera á um 180 kg/ha en þar sem sandskellur eru þarf að sá grasfræi og bera á stærri skammta af áburði (um 250 kg/ha).

-Þetta er erfitt svæði til yfirferðar, grýtt og bratt og fer í verðflokk c.

-Unglingarnir munu sá fræi og bera á þar sem svæðið er óaðgengileg tækjum.

Laugarvallardalur:

-Þar var borið á í fyrra og verður ekki borið á með vé

-Lagt er til að unglingarnir haldi uppgræðslu sinni áfi

-Árangur uppgræðslunnar er mjög góður.

**Faxahús:**

-Í fyrra var borið á innra svæðið.

-Núna er lagt til að bera á ytra svæðið og taka nýtt svæði til viðbótar í samráði við Gísla bónda á Aðalbóli.

Skænudalur:

-Bera á neðsta svæðið í ár, aðallega neðan vegar en ef áburðurinn dugar er gott að fara einnig ofan vegar.

-Ráðlagt er að unglingarnir beri aftur í rofabörðin.

Aðalból/Hrafnkelsdalur:

-Bera aftur í öll rofabörð, sendin svæði og skriður meðfram hlíðinni, eins langt upp í og hægt er.

-Unglingarnir munu einnig vinna þar og svo er stefnt á að setja hey í börðin.

Grunnvatnsöldur:

-Bera á svæðið norðan við Ánavatn og stækka svæðið í þá átt.

-Bera aftur á rofsvæðin í Skollavík (einnig verður reynt að fá hey í þau svæði).

-Bera á nyrsta hlutann sem hefur bara einu sinni fengið áburð. Þetta er svæði sem á bara að fá um 100 kg/ha.

Sænautasel:

-Nauðsynlegt er að bera á „gildruna“ svo að hún viðhaldi hlutverki sínu.



Jökuldalsheiði milli vega:

-Ekki bera á Botnahraun sem fékk áburð í fyrra. Svæðið leit mjög vel út á skoðunardegi.

Skjöldólfsstaðir með Gilsá:

- Borið var á þetta svæði í fyrsta skipti í fyrra.
- Um er að ræða sendna mela og rofabörð í jaðrinum.
- Yfir að líta var græn slikja og árangurinn góður.
- Bera þarf aftur á sömu svæði og í fyrra.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Fundur ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar 15. júní 2010

Fundargerð

Fundur ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar í Sænautaseli í Jökuldalsheiði kl 17:30. Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir frá sjóðsstjórn, Arnór Benediktsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt frá ráðgjafarnefndinni og verktakanir Sigurður H. Jónsson, Benedikt Arnórsson, Snæbjörn Ólason og Agnar Benediktsson.

Guðmundur bauð fundarmenn velkomna.

Farið var yfir ástand áreyra og uppgræðslusvæða á heiðinni og yfir áætlun fyrir þetta sumar en ráðgjafarnefndin er nýbúin að skoða þessi svæði.

- Jökla hefur breytt um farveg við Litla Bakka og skorið í sundur uppgræðslusvæðið þar.
- Of mikið vatn er í ánni til að hefja uppgræðsluframkvæmdir núna.
- Vatnsálar við Hnítbjargargarðinn eru þurrir og á uppgræðslusvæði við Bláeyri væri hægt að komast neðan frá en ekki austan frá.
- Á Galtastaðaráreyrum þarf að sá aftur melgresi þar sem ekki allar sáningar hafa komið upp. Töluvert vatn hefur flætt yfir svæðið. Ekki á að sá í lægstu svæðin. Leita skal til Halldórs á Skriðufelli til að sá melgresinu með sáningarvél.
- Enginn valtari fæst í Tungunni þannig að það þarf að semja við Búnaðarfélag Hlíðarmanna um völtun á sáningum.
- Áætlað er að byrja með uppgræðslu á nýju svæði neðan við Breiðumörk.
- Árangur á eyrinni við Hrafnabjörg er góður.
- Við uppgræðsluframkvæmdir á áreyrum þarf að hafa fuglavarpi í huga og byrja ekki fyrr en ungarnir eru búnir að klekjast út, u.þ.b. í byrjun júlí.
- Gott væri að byrja fyrst með uppgræðsluáðgerðir á heiðinni, sem er orðin þurr og fær, töluvert fyrr en vanalega.
- Rætt var um árangur uppgræðslunnar á einstökum svæðum á heiðinni og áætlunina fyrir sumarið.

- Rætt var um æskilegri heydreifingu í skriðurnar við Aðalból og í Háubörð og kom Björn Hallur Gunnarsson, formaður Landgræðslufélags Héraðsbúa inn í umræðuna. Landgræðslufélagið er tilbúið til að dreifa heyinu með rúllutætaranum sínum fyrir Landbótasjóðinn. Æskilegt væri svo að unglingarhópur Landsvirkjunar myndi sjá um að dreifa áburði og fræi inn í heydreifinguna.
- Hugmyndir um að verktakar tækju GPS settar myndir á ákveðnum stöðum meðan á uppgræðsluvinnu þeirrar stendur voru ræddar. Ákveðið var að Agnar muni sinna þessu og að Guðrún muni gefa honum nánari upplýsingar um staðsetningu myndatökustaða o.fl.
- Rætt var um gjaldflokk fyrir dreifingu á um 100 kg/ha. En þar sem lítið er um slíka dreifingu á þessu ári, aðeins nyrst á Grunnvatnsöldunni, var óþarfi að ræða þetta frekar. Tæknilega séð er dreifing á svona litlum áburðarskammti erfið og það er tæknilega auðveldara að bera á um 150 – 170 kg/ha á tveggja ára fresti en að bera á um 100 kg/ha árlega.
- Rætt var um texta vegna frásáningar.

Í lok fundarins var borðaður kvöldverður.

Fundargerðina ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð sjóðsstjórnar og ráðgjafarnefndar **Minnisblað 19.8. 2010**

Þann 19. ágúst fóru Anna H. Bragadóttir, Guðmundur Ólason og Sigvaldi Ragnarsson frá sjóðsstjórn og Dagbjartur Jónsson, Baldur Grétarsson og Guðrún Schmidt frá ráðgjafarnefnd í skoðunarferð um uppgræðslusvæði landbótasjóðs N-Héraðs. Farið var í lítilli rútu og bílstjórinn var Hlynur Bragason. Ferðin var ekki síst til að sýna nýju nefndarmönnum þeim Sigvalda sem kom inn í sjóðsstjórn í staðinn fyrir Eygló Ormarsdóttur, og Baldri sem kom inn í ráðgjafarnefndina í staðinn fyrir Arnór Benediksson hvað sjóðurinn hefur verið að gera og hver staða uppgræðslunnar er.

Áreyrar:

Yfirfall var mjög snemma í ár eða þann 28. júlí og hefur verið mjög mikið vatn í ánni síðan. Rennslí árinna var þegar mest var þann 17.8. um 490 rúmmetrar á yfirfalli en á skoðunardegi var rennslið 414 rúmmetrar á yfirfalli. Stór hluti af aðgerðum sumarsins er þar með komið undir vatn. Nauðsynlegt er að endurmeta stöðu á uppgræðslufrákvæmdum á áreyrum vegna þessa.

Farið var fyrst að Galtastaðaeyrum. Eins og sést á meðfylgjandi mynd er stór hluti eyrarinnar undir vatni, sérstaklega ysta svæðið þar sem melgresi var sáð á sínum tíma. Þegar ljóst var að yfirfallið yrði svona snemma var ekki búið að sá melgresi eins og áætlað var þannig að hægt var að hætta við sáninguna. Þau svæði sem upp úr standa líta vel út, bæði melgresið og beringspundurinn.



Mynd 1: Horft yfir ysta svæðið (meðgresið) á Galtastaðaeeyrum



Mynd 2: Horft yfir innra svæðið (Beringspuntutur) á Galtastaðaeeyrum

Síðan var farið að grjóttgarði við Húsey og horft yfir á Hólmatungusvæðið. Ekki var hægt að meta frá þessum stað hversu mikið af uppgræðslusvæðinu var undir vatni en líklega eru það einhver svæði.

Áreyrar neðan Litla Bakka voru einnig að töluverðum hluta undir vatni eins og sést á meðfylgjandi myndum.



Myndir 3 og 4: Horft yfir áreyrar neðan Litla Bakka. Mikið vatn er að flæða yfir og margir nýjir vatnsfarvegir hafa myndast.

Heiðin

Síðan var farið inn Jökuldal og uppgræðslan skoðuð við Brú, í Vaðbrekkuhálsi og í Hrafnkelsdal. Snæddur var léttur hádegisverður á Aðalbóli og síðan haldið áfram í Skænudal, fram hjá Faxahúsum og yfir Kárahnjúkastífluna. Farið var svo um svæðið við Hallarfjall, Múla, Brú og Grunnavatnsöldu að Sænautaseli þar sem tekið var á móti fundarmönnum með lummum, kaffi og kakó. Síðan var farið fram hjá uppgræðslusvæði við Botnahraun og milli vega, farið aðeins út Háreksstaðaleið og horft yfir uppgræðslusvæðið með Gilsánni.



Mynd 5: Brú utan Þverár



Mynd 6: Vaðbrekkuháls



Mynd 7: Við Faxahús

Fundarmenn voru ánægðir með árangur uppgræðslunnar á heiðinni enda hefur sumarið verið hagstætt grósku þar. Á leiðinni var m.a. skoðað skilti sjóðsins við afleggjarann í Laugarvallardal. Rætt var um hugsanlegar endurbætur á skiltinu. Slíkar breytingar yrðu frekar dýrar og var ákveðið að það liggi ekki á þeim. Myndin á skiltinu sem sýnir uppgræðslusvæðin er frá árinu 2006 en sýnir samt stóran hluta þeirra svæða sem unnið hefur verið á.

Komið var að Hreindýraslóðum á Skjöldólfsstöðum og þar haldinn fundur.

Fundur ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar 19. ágúst 2010

Fundargerð

Fundur ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar á hreindýraslóðum Skjöldólfsstöðum kl 17:10. Mætt voru: Anna H. Bragadóttir, Guðmundur Ólason og Sigvaldi Ragnarsson frá sjóðsstjórn og Dagbjartur Jónsson, Baldur Grétarsson og Guðrún Schmidt frá ráðgjafarnefnd.

Anna H. Bragadóttir, nýr formaður stjórnar Landbótasjóðs N-Héraðs setur fundinn og býður Baldur og Sigvalda sérstaklega velkomna sem nýja fundarmenn. Ferðin á undan um uppgræðslusvæðin hafi verið gagnleg og nú þurfi m.a. að ræða um framhald. Fram kom að Jón Björgvin sem átti að dreifa heyrillum við Aðalból væri ekki búinn að því. Einnig að ekki er búið að dreifa áburði í Möðrudal en þau fengu 6 tn úr Landbótasjóði.

- Farið var yfir sögu þessarar svokallaðrar bændadreifingar fyrir nýju fundarmennina og einnig útskýrt hvaða aðferðafræði hafi verið notuð við uppgræðslu á hinum ýmsu svæðum.

- Rætt var um það að nóg er til af svæðum sem þarfnast uppgræðslu og spáð var í það hversu stór svæði verði „útskrifuð“ á næstunni.

- Spáð var í verkefnaskiptingu milli ráðgjafarnefndar og sjóðsstjórnar og talað um það að áframhaldandi náð samstarf væri mikilvægt.

- Töluverð umræða var um það hvort stefna ætti að því að láta sjóðinn standa lengur en í 40 ár og halda þarf þessari umræðu áfram.

- Stefnt er að því að halda fund um starfsemi sjóðsins fyrir heimamenn í vetur eins og var upphaflega áformað síðastliðið vor en hætt við m.a. vegna sveitarstjórnakosninga.

- Gera má ráð fyrir minna fjármagni næstu árin, bæði vegna minni vaxta og aukinna skatta.

- Væntanlega þarf minni fjármagn í aðgerðir á áreyrum á næsta ári. Nauðsynlegt er að meta á næsta ári hversu stóran skaða vantsmagnið hefur valdið á uppgræðslusvæðum. Sú staða getur komið upp að skynsamlegra verði að bíða með frekari aðgerðir þar eða að stórminnka aðgerðirnar. Æskilegt væri að staðsetja eyrnar sem standa upp úr núna og leggja svo áherslur á uppgræðslu þeirra.

- Rætt var um það að Landsvirkjun ætti að láta taka loftmyndir af áreyrum núna þegar mikið vatn rennur. Forsendur sem Landsvirkjun talaði um varðandi uppgræðslu áreyra eins og að það væri ekkert mál að græða upp áreyrar og að áin mun finna sér meira afmarkaðan farveg standast ekki eins og er. Eins hefur yfirfall verið meira en áætlað var. Þar með er það álit fundarmanna að nauðsynlegt sé að Landsvirkjun útvegi sjóðnum betri gögn eins og umræddar loftmyndir til að vinna eftir.

- Talað um hlutverk einstakra nefndarmanna. Arnór var formaður ráðgjafarnefndar og hann fylgdist m.a. með framkvæmdunum og talaði við landeigendur.

- Rætt um það hvernig svæðunum hefur verið skipt niður í mismunandi gjaldflokka vegna greiðslu til verktaka.

- Fram kom að samningar við verktaka eru lausir.

- Verktakarnir hafa staðið sig vel, unnið vel af áhuga og þekkingu og skilað inn góðum gögnum. Verðmætt er að þessir verktakar kunna að „lesa landið“ og hugsa á meðan þeir eru að vinna.

- Ákveðið var að hafa samband við Vilhjálm í Möðrudal varðandi áburðardreifingu og senda verktaka til að dreifa áburðinum ef Vilhjálmur mun ekki geta borið á sjálfur innan fárra daga.

Fundinum lauk kl 18:40 og í kjölfar var snæddur kvöldverður.

Fundargerðina ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð um áreyrar Jöklu

Minnisblað, 10. september 2010

Þann 10. september fóru Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt úr ráðgjafarnefnd Landbótasjóðs N-Héraðs í skoðunarferð um áreyrar Jöklu til að kanna árangur uppgræðsluáðgerða og skoða áhrif yfirfallsvatns úr Háslóni.

Almennt:

Á skoðunardegi var rennsli við yfirfall 307 m³ á sekúndu. Yfirfall úr Háslóni var óvenju snemma í ár eða þann 28. júlí og hefur verið mjög mikið vatn í ánni síðan. Rennsli árinna var þegar mest var þann 17.8. um 490 rúmmetrar á sekúndu við yfirfall. Stór hluti af aðgerðum sumarsins er þar með komið undir vatn. Nauðsynlegt er að endurmeta stöðu á uppgræðsluframkvæmdum á áreyrum vegna þessa.

Einnig var rætt var um þá hugmynd að sá birkifræ á þeim svæðum þar sem kindur komast ekki á og þar sem landið stendur ávallt upp úr vatni. Þessa hugmynd þarf að skoða betur og afla upplýsinga.

Hér á eftir fylgja nokkar myndir sem sýna stöðuna vegna vatnavaxta.



Mynd 1: Þykkt lag af sandi verður sumsstaðar eftir þar sem áin rann yfir uppgræðslusvæðin.



Mynd 2: Þar sem uppgræðslusvæðin hafa bara verið stutt undir lygnu vatni virðast þau koma óskemmd upp úr.



Mynd 3: Sandur sem hefur borist með vatni inn á uppgræðslusvæðin



Mynd 4: Gott dæmi um það hvernig straumur vatnsins flettir upp gróðrinum og ber hann áfram á nýjan stað.



Mynd 5: Vatnsálar hafa runnið yfir og eyðilagt hluta uppgræðslunnar þannig að þekja gróðursins er ekki lengur samfelld.



Mynd 6: Leir og sandur sem varð eftir þegar vatnsmagnið minnkaði aftur.



Mynd 7: Stórt uppgræðslusvæði sem er ennþá undir vatni



Mynd 8: Hvað þolir gróðurinn svona meðferð lengi?

Hólmatungueyrar:

Mikið vatn hefur runnið meðfram varnargarðinum og þar sem vatnið er farið hefur það skilað eftir sig mikið af sandi og leir. Innst á eyrunum er enn stór vatnsáll sem sker svæðið í sundur þannig að ekki var hægt að komast akandi yfir á innra varnargarð eins og gert var í skoðunarferð í vor. Stórir vatnsálar voru „út um allt“ og ekki hægt að komast á flest svæðin til að skoða.

Á þeim stöðum þar sem vatnið rann fyrir stuttu en er farið núna er mikið af sandi og leir. Þar sem gróðurþekjan og rótin hefur verið sterk virðast plönturnar hafa lifað af.

Norðurröndin á Hólmatungueyrum sem er hálfgróin safnaði í sig töluverðum sandi og leir sem stoppar í gróðrinum. Mikilvægt er að styrkja það svæði með áburði, um 150 kg/ha, þannig að það verði betur í stakk búið til að taka við áfoki.



Mynd 9 og 10: Stórir vatnsálar skera svæðin í sundur

Bláeyri:

Borið var á það svæði í ár og sáust áburðaráhrifin vel. En hluti af uppgræðslusvæðinu er undir vatni. Það þyrfti að bera aftur á það svæði sem stendur upp úr á næsta ári.

Úr fjarlægð virðist svæðið fyrir neðan Galtastaði vera álitlegt til uppgræðslu og einnig fleiri eyrar innar ef fært er á þau svæði.

Mynd 11: Hluti uppgræðslunnar við Bláeyri



Eyri neðan við Breiðumörk:



Þetta er nýtt svæði þar sem borið var á í fyrsta skipti í sumar.

Vatn hefur skorið þessa eyri töluvert í sundur þannig að hluti uppgræðslusvæðisins er nú undir vatni. Mikill straumur er í vatnsálum.

Þar sem svæðin standa upp úr er græn slikja yfir en gróðurhulan er ekki alveg samfelld.

Mynd 12: Hér var í vor samfelld eyri sem borið var á.

Surtsstaðaeयरar:

Árangur uppgræðslunnar á þeim svæðum sem standa upp úr vatni er mjög góður. Þar sem þetta er svæði þar sem kindur komast yfirleitt ekki á er spurning hvort það hentar að sá birkifræi þar. En kannski er orðið of mikið gras sem gefur birkifræinu ekki ákjósanlegt set.



Myndir 13 og 14: Eins og allsstaðar er einnig hér töluvert um nýja(r) vatnsála sem hafa skorið uppgræðslusvæðin í sundur og kaffært þau að hluta.

Hallgeirsstaðæyrar:



Vatnsálar hér og þar hafa skorið uppgræðslusvæðin í sundur og kaffært þau að hluta.

Mynd 15: Hallgeirsstaðæyrar úr fjarlægð

Hrafnabjargaeyrin:



Myndir 16-19: Árangurinn af uppgræðsluáðgerðum á þeim svæðum sem standa upp úr vatni er mjög góður. En töluvert svæði er undir vatni. Einnig er eitthvað um landbrot. Straumurinn er frekar mikill í kringum eyrina.

Veiðieyri:

Þetta er innsta uppgræðslusvæðið á áreyrunum. Eingöngu var horft á það úr fjarlægð. Töluverður gróður er kominn á svæðið en eitthvað af svæðinu virðist einnig vera undir vatni.

Litli-Bakki:

Strax í vor var áin búin að grafa sér nýjan farveg sem sker svæðið í sundur á mörgum stöðum. Enn fleiri vatnsálar hafa svo bæst við í vatnavöxtum undanfarið. Ekki var hægt að komast um svæðið.

Mikilvægt er að bera ekki aftur á svæðið sem er innst þar sem það hefur varla borið neinn árangur.

Hrærekslækjareyrar (utan við Forvaða):



Einungis var hægt að horfa á svæðið úr fjarlægð. Árangur uppgræðsluaðgerða virðist vera góður á þeim svæðum sem standa upp úr vatni en eins og allsstaðar hafa vatnsálar skorið svæðin í sundur og kaffært hluta þeirra.

Mynd 20: Svæðin sem standa upp úr vatni eru vel græn.

Galtastaðaeyrar:

Melgresissvæðið er að mestu undir vatni. Þar sem landið stendur upp úr hefur töluvert af melgresi komið upp og er farið að safna í sig sandi og mynda hóla.

Beringspunturinn kemur mjög vel út, er þéttur og stór.

Bera þarf á melinn á næsta ári en sleppa mætti að bera á beringspuntinn. Næsta vor kemur í ljós hvort eitthvað hefur lifað af sem er undir vatni núna og hvort það borgi sig að bera aftur á þau svæði.



Myndir 21 og 22: Melgresið sem stendur upp úr er að eflast og farið að safna í sig sandi.



Myndir 23 og 24: Beringspuntur er öflugur en spurning er hvernig hann kemur upp undan vatninu.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Skoðunarferð ráðgjafarnefndar

Minnisblað 22. september 2010

Haustskoðunarferð ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs N-Héraðs (Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Guðrún Schmidt) um uppgræðslusvæði sjóðsins á heiðinni fór fram 22. september. Kannaðar voru aðstæður og árangur uppgræðsluaðgerða og væntanlegar aðgerðir næsta sumars ræddar.



Brú utan Þverár: Ekki var borið á það svæði með vélum en unglingahópur Landsvirkjunnar bar á rofabörðin og meðfram þeim.

Sú tillaga kom upp að fara næst einnig með unglinga á rofabörðin sem eru utar.

Fyrir ofan Brú sást vel árangur uppgræðsluaðgerða sem græn slikja yfir stórt svæði.



Vaðbrekkuháls: Bæði var véldreift norðan megin í hálsinum og einnig handdreift af unglingahópnum á óvéltæku svæðin. Gróðurhulan er stöðugt að aukast og styrkjast. Rætt var um hvort það ætti að fara hærra með uppgræðslu í hálsendanum. Það þarf m.a. að ræða um þetta við Aðalstein á Vaðbrekku.

Á næsta ári verður aftur borið á austan megin í hálsinum.

Lagt var til að bera á næsta ári aftur á melinn austan Hrafnkelu sem heitir Langimór.



Hrafnkelsdalur: Góður árangur var af rúlludreifingu í Hrafnkelsdal ásamt áburðardreifingu. Um 30 heyrúllum var dreift með rúllutætara Landgræðslufélags Héraðsbúa á skriður sem féllu fyrir um 3 árum síðan. Unglingahópurinn hefur einnig verið mjög duglegur við að fara töluvert upp í fjallshlíð í þessum skriðum til að dreifa áburði og fræi.

Skoða þarf svæði austan í dalnum í kringum Kálffell en Gísli bóndi á Aðalbóli stakk upp á því svæði sem hugsanlegu framtíðaruppgræðslusvæði.



Skænudalur: Borið var á neðri hluta neðan vegar og sáust áburðaráhrifin vel eins og á meðfylgjandi mynd. Lagt er til að bera á næsta ári á neðsta svæði ofan vegar, á efra svæðið neðan vegar og á efsta svæðið sem er svæði sem fær alltaf bara 100 kg á hektara.



Faxahús: Gróðurhulan hefur styrkst mikið við áburðargjöf. Lagt er til að á næsta ári verði í fyrsta skipti borið á ysta svæðið að veginum, fyrir ofan veg að barðinu og á rofabörð sem eru innar, á vesturbrún Glúmsstaðadals, neðan vegar.



Laugarvalladalur: Eins og á öllum uppgræðslusvæðum hefur ásynð Laugarvalladals breyst mikið og framvindan komin af stað á mörgum og stórum svæðum. Ekki var borið á svæðin í Laugarvalladal á þessu ári en lagt er til að það verði gert á næsta ári. Fyrst og fremst þarf að einbeita sér að því að styrkja þau svæði, með áburðargjöf, sem eru nú þegar komin í uppgræðslu.

Nýtt svæði: Að þessu sinni var keyrt upp úr Laugarvalladal vestan megin og svo norður. Þegar komið var utar í dalinn við Vesturdalsá blasti við sendið og vikri borið rofsvæði með melgresi. Ákveðið var að þetta væri mjög álitlegt svæði til þess að vinna að uppgræðslu, styrkja melgresið og stöðva sandfokið.



Innan við Djúpagil: Borið var í fyrsta skipti á þetta rofsvæði og fræi sáð í leirflög. Unglingarnir unnu í rofabörðum þar. Árangurinn er góður og ágætis spírur fræja. Nauðsynlegt er að styrkja það svæði með áburði á næsta ári.

Athuga þarf hvort hægt væri að fara innar á þessu svæði næst.

Lagt er til að bera á svæðið utan við Djúpagil utan girðingarinnar á næsta ári.

Ysta svæðið í Múlanum við Einars-vörðuna þarf einnig að bera á á næsta ári ofan og neðan vegar, en þar voru svæði með víði sem orðinn var berróta.

Það er einnig mat nefndarinnar að bera á við Vörðuhraun ofan vegar á næsta ári og á rofsvæðið við Þverárvatn, einnig neðan vegar.



Innan við Þverlækinn milli Þverárvatns og Ánavatns eru gömul uppgræðslusvæði neðan vegar sem ættu að fá áburð aftur á næsta ári. Ofan vegar má tengja uppgræðslusvæðið við gróíð svæði utan við Hálsenda.

Bera þarf einnig aftur á svæðið utan Netselstanga og virkja unglingana til að bera í jarðrask vegna nýrrar vegalagningar að tanganum. Uppgræðsla á þeim stóru og sendnu rofabörðum sem liggja við Ánavatn gengi betur ef notað væri hey ásamt áburði og fræi. Jafnvel mætti prófa að stinga niður einstök rofabörð. Þarna er þokkalegt aðgengi og aðstæður til að nýta unglingana til góðra verka.

Viðhalda þarf virkni „gildrunnar“ með því að bera á það svæði árlega.

Uppgræðslusvæðið við Þjóðveg 1 við Háreksstaðaleið var skoðuð. Lagt er m.a. til að bera aftur á svæðið við réttina við Lindasel og einnig milli rofabarða í fjallshlíðinni út og vestur af Lönguhlíðarenda.

Uppgræðslan utan við Gilsá gengur vel. Stefnt er að því að stækka það svæði á næsta ári.



Utanvegaakstur er víða vandamál á þessum slóðum. Hér á meðfylgjandi mynd má sjá eitt slíkt dæmi í mjög brattri brekku á áberandi stað við Reykjará.

Minnisblaðið ritaði Guðrún Schmidt

Fundargerðir stjórnar LNH 2010

Fundargerð 48. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 03.03 2010

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir.

Fundur settur kl.15:00 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Ársreikningur Landbótasjóðs Norður-Héraðs 2009:** Sigurður Pálsson endurskoðandi mætti til fundar undir þessum lið og fór yfir reikninginn með fundarmönnum. Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 286.198.963. Til ráðstöfunar á árinu 2010 eru áætlaðar 24 millj eða svipuð upphæð og eytt var á árinu 2009. Að lokinni yfirferð var reikningurinn samþykktur. Senda þarf ársreikning sjóðsins til ríkisendurskoðunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, Landsvirkjunar, bæjarstjóra og aðal og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuað koman og vék hann síðan af fundi.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.16:20

Fundargerð ritaði Anna Bragadóttir

Fundargerð 49. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 17.03 2010

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir. Auk þess voru mættir sölufulltrúar frá Áburðar

verksmiðju, Búvís, og Skeljungu Helgi Haukur Hauksson, Jóhann Gísli Jóhannsson, Andri Þór Ómarsson, Guðmundur Björnsson.

Fundur settur kl.15:00 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður Guðmundur Ólason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Formaður kynnti sölufulltrúum að stjórn landbótasjóðs áskilur sér allan rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

2. **Áburðarkaup opnun tilboða:** Tilboð opnuð í verð á áburði 2010. Borist hafa tilboð frá 3 aðilum eftirfarandi pr tonn, án flutnings.

Áburðarverksmiðjunni /Fbl: 27.17 Kr. Alls 15.082.195 12.452.494 +2.629.701 magn 157,8+42 tonn

Búvís 27.6.6. Kr 15.270.840, 200 tonn

Skeljungi: Sprettur 23.12. Kr. 15.135.008, 201 tonn

Áburðarsölum þökkuð koman og viku þeir síðan af fundi Stjórn landbótasjóðs fór vandlega yfir tilboðin og var síðan

ákveðið að ganga til samninga við Skeljung um kaup á 201 tonni af áburði 2010.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.16:14

Fundargerð ritaði Anna H. Bragadóttir

Fundargerð 50. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 14.04 2010

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir. Auk þess mætti á fundinn ráðgjafanefnd sjóðsins: Arnór Benediktsson Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson.

Fundur settur kl.15:00 í fundarsal BSA Egilsstöðum

Fundargerð rituð af ráðgjafanefnd fundarritari Guðrún Schmidt

Minnispunktur 51. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 15.06 2010

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Eygló Ormarsdóttir og Anna H. Bragadóttir. Auk þess mætti á fundinn ráðgjafanefnd sjóðsins: Arnór Benediktsson Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson og verktakarnir Sigurður H. Jónsson, Benedikt Arnórsson, Snæbjörn Ólason og Agnar Benediktsson

Fundur settur kl.17:30 í Sænavataseli í Jökuldalsheiði

Fundargerð rituð af ráðgjafanefnd fundarritari Guðrún Schmidt

- Ráðgjafanefnd er búin að fara í skoðunarferð á áreyrnar. Áin hefur breytt farvegi sínum við austurbakkann, einnig við Kaldána. Ófært er við Bláeyri. Mikið er í ánni og ekki fært til að hefja framkvæmdir þar að svo stöddu. Í sumar leggur ráðgjafanefnd til að styrkt verði melgresi við Galtastaði og setja áburð þar einnig við Hólmatungu. Nýtt svæði verður við Breiðumörk.
 - Ráðgjafanefnd var að koma úr skoðunarferð um heiðina í dag. Heiðin er orðin þurr og hægt að hefja áburðardreifingu þar. Þetta er mun fyrr en vanalega.
 - Rætt um dreifingu á heyrúllum í skriðu við Aðalból og í Háubörð Koma þarf þessari vinnu af stað.
 - Ræða þarf við Halldór á Skriðufelli um sáningu á fræi
 - Ræða við Viggó/ Búnaðarfélag Hlíðarmanna um völtrun á áreyrum þar sem Búnaðarfélag Tungumanna getur ekki tekið verkið að sér þetta sumarið.
 - Verktakar taka að sér að taka myndir á uppgræðslusvæðum fyrir landbótasjóð
-

Fundargerð 52. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 05.08 2010

Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi H. Ragnarsson og Anna H. Bragadóttir

Fundur settur kl.15:00 í fundarsal sveitarfélagsins í Fellabæ. Formaður Anna Bragadóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega bauð hún velkomin til starfa Sigvalda H. Ragnarsson

3. **Staða verkefna:** Fráfarandi formaður Guðmundur Ólason fór yfir stöðu verkefna.
4. **Uppgjör við verktaka:** Fyrir liggja reikningar frá verktökum. Samþykkt að greiða reikningana.
5. **Ráðgjafanefnd, skoðunarferð:** Samþykkt að fara í skoðunarferð í samstarfi við ráðgjafanefnd í ágúst og hafa sameiginlegan fund í lok ferðar. Formaður fylgi málinu eftir.
6. **Nefndarlaun:** Formaður lagði fram tillögu um að þóknun nefndarmanna landbótasjóðs verði óbreytt árið 2010 eða kr 25.000 pr. fund og þóknun formanns kr. 38600 pr fund. Auk þess verði greitt fyrir akstur skv aksturstaxta ríkisins. Fundarþóknun hefur ekki breyst frá árinu 2006. Tillagan samþykkt.
7. **Prókúruumboð.** Stjórn sjóðsins samþykkti og undirritaði prókúruumboð fyrir Landbótasjóð Norður Héraðs til formanns stjórnar Önnu H. Bragadóttur kt 101060-7999 og tekur hún við umboðinu af fráfarandi formanni Guðmundi Ólasyni
8. **Verktakar samningar:** Samningar við verktaka eru lausir.

Fundargerð lesin og staðfest.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 16:50

Fundargerð 53. fundar Landbótasjóðs Norður Héraðs 19.08 2010



Mætt voru: Guðmundur Ólason, Sigvaldi Ragnarsson og Anna H. Bragadóttir. Auk þess mætti á fundinn ráðgjafanefnd sjóðsins: Baldur Grétarsson Guðrún Schmidt og Dagbjartur Jónsson.

Fundur settur kl.17:10 á Skjöldólfsstöðum

Fundargerð rituð af ráðgjafanefnd fundarritari Guðrún Schmidt

Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs

Aðgerðir eftir árum:





0 1 2 3 4 5 Km



Aðgerðir Landbótasjóðs Norður - Héraðs

Aðgerðir eftir árum:



0 1 2 3 4 5 Km



Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2010

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kt. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2010

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs

Við höfum kannað ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2010, hreinni eign hans 31. desember 2010, og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 31. janúar 2011

Deloitte hf.



Sigurður H. Pálsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 5 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 16,7 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 3,6 millj. kr. Ráðstöfun á árinu nam 23,3 millj. kr., og er úthlutun ársins umfram heimild þannig alls 3,0 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2011 geti orðið u.þ.b. 19,7 milljónir króna að frádregnu því sem ráðstafað var umfram heimild, eða alls um 16,7 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Brúarási, 31. janúar 2011

Í stjórn

Anna H. Bragadóttir

Sigurður H. Ragnarsen
Göndur Ólafsson

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2010

	Skýr.	2010	2009
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	3.378.963	3.090.778
Hreindýraarður		482.044	563.328
		<u>7.861.007</u>	<u>7.654.106</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	8	17.411.500	31.928.756
Fjármagnstekjuskattur	8	(3.134.070)	(3.994.942)
Vaxtagjöld	8	(280)	(2.411)
		<u>14.277.150</u>	<u>27.931.403</u>
		<u>22.138.157</u>	<u>35.585.509</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	9	(23.322.936)	(23.593.375)
		<u>(23.322.936)</u>	<u>(23.593.375)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(6.817.003)	(5.729.106)
		<u>(6.817.003)</u>	<u>(5.729.106)</u>
(Lækkun) / hækkun á hreinni eign á árinu			
	5	(8.001.782)	6.263.028
Hrein eign frá fyrra ári		<u>286.198.963</u>	<u>279.935.935</u>
Hrein eign í árslok	5	<u>278.197.181</u>	<u>286.198.963</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	50.946.686	57.763.689
		<u>50.946.686</u>	<u>57.763.689</u>
Kröfur			
Skammtímakröfur		0	399.630
		<u>0</u>	<u>399.630</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	4	227.267.397	228.035.644
		<u>227.267.397</u>	<u>228.035.644</u>
		<u>278.214.083</u>	<u>286.198.963</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Annar ógreiddur kostnaður		16.902	0
		<u>16.902</u>	<u>0</u>
Hrein eign		<u>278.197.181</u>	<u>286.198.963</u>
Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	5	(2.976.753)	3.616.275
Til ráðstöfunar síðar	5	281.173.934	282.582.688
Hrein eign samtals		<u>278.197.181</u>	<u>286.198.963</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	7.378.963	7.090.778
Aðrar innborgaðar tekjur	5	881.674	514.912
Innborgaðir vextir	8	14.277.430	27.933.814
		<u>22.538.067</u>	<u>35.539.504</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(23.306.034)	(23.609.825)
Vaxtagjöld	8	(280)	(2.411)
		<u>(23.306.314)</u>	<u>(23.612.236)</u>
Hækkun á handbæru fé		(768.247)	11.927.268
Handbært fé í ársbyrjun		<u>228.035.644</u>	<u>216.108.376</u>
Handbært fé í lok árs		<u>227.267.397</u>	<u>228.035.644</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgræðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjáls til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greiddast á 15 árum. Framlögín eru verðtryggð með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 172.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2010	2009
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	172.000.000	168.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	19.432.276	16.053.313
Greitt alls.....	191.432.276	184.053.313
 Framlög til og með árinu 2017.....	28.000.000	32.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	22.946.686	25.763.689
Óhafin framlög samtals.....	50.946.686	57.763.689
	242.378.962	241.817.002

Skýringar og sundurliðanir

4. Handbært fé

Handbært fé er að mestu ávaxtað á Bakhjarlsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

5. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2010	2009
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	282.582.688	268.014.340
Framlag Landsvirkjunar alls	0	0
Verðtrygging höfuðstóls	7.377.931	23.131.460
Laust til ráðstöfunar, 1/33 (1/34) hluti	(8.786.685)	(8.563.112)
	<u>281.173.934</u>	<u>282.582.688</u>
Skammtímahluti:		
Frá fyrra ári	3.616.275	11.921.595
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	8.786.685	8.563.112
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	7.461.179	6.161.615
Hreindýraarður	482.044	563.328
Aðrar tekjur	0	0
Ráðstafað á árinu	(23.322.936)	(23.593.375)
Óráðstöfuð heimild í árslok	<u>(2.976.753)</u>	<u>3.616.275</u>
Hrein eign samtals	<u><u>278.197.181</u></u>	<u><u>286.198.963</u></u>

6. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

7. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

8. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2010	2009
Vextir af bankareikningi.....	17.411.500	31.928.756
Afdreginn fjármagnstekjuskattur.....	(3.134.070)	(3.994.942)
Vaxtagjöld	(280)	(2.411)
	<u>14.277.150</u>	<u>27.931.403</u>

Skýringar og sundurliðanir

9. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:

Áburður og fræ	16.413.101	16.255.000
Aðkeypt vinna verktaka	4.358.814	4.709.364
Flutningskostnaður	1.347.458	1.303.119
Tækjaleiga	90.360	89.640
Vinnulaun	531.600	620.200
Akstur	116.127	104.880
Tryggingagjald	59.707	54.230
Lífeyrissjóður	42.528	49.616
Fundakostnaður	81.600	54.150
Bókhald og reikningsskil	281.641	353.176
	<u>23.322.936</u>	<u>23.593.375</u>